

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 24/2000

frá 25. febrúar 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 192/1999 frá 17. desember 1999⁽¹⁾.
- 2) Við hæfi er að útvíkka samstarf samningsaðila, þannig að það nái til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2179/98/EB frá 24. september 1998 um endurskoðun á stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun, „Fram til sjálfbæris“⁽²⁾.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 220.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í fyrsta undirlið í 1. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn:

„- **398 D 2179:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2179/98/EB frá 24. september 1998 um endurskoðun á stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun, „Fram til sjálfbæris“ (Stjtið. EB L 275, 10.10.1998, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner